

Mánudaginn 29. maí 1989.

Nr. 67/1989.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Herði Ólafssyni

(sjálfur).

Ríkissaksóknari. Vanhæfi. Skipun verjanda. Ómerking. Heimvísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 27. febrúar 1989 og einnig af ákærvaldsins hálfu til þyngingar á refsingu, en staðfestingar á sviptingu ökuréttinda.

Þegar mál þetta kom til munnlegs flutnings fyrir Hæstarétti, var af hálfu ákærvalds krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms að því er varðar sakfellingu í öllum ákæruliðum, sviptingu réttar til að stjórna ökutæki ævilangt frá 18. nóvember 1986 og greiðslu sakarkostnaðar, en refsing ákærða þyngd og ákærði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar.

Í greinargerð 25. maí 1989 gerði ákærði þessar dómkröfur: „Aðallega er krafist sýknu, en til vara ómerkingar. Málskostnaðar er krafist samkvæmt mati dómsins.“

I.

Með bréfi 19. maí 1989 til Hæstaréttar tilkynnti ákærði, að hann myndi mótmæla því að vararíkissaksóknari annaðist flutning málsins af hálfu ákærvaldsins fyrir Hæstarétti. Með bréfi Hæstaréttar 22. maí 1989 var ákærða, sem er hæstaréttarlögmaður og heldur sjálfur uppi vörnum fyrir sig fyrir Hæstarétti, tilkynnt að í upphafi málflutnings yrði fjallað um ofangreind mótmæli. Hefur sá málflutningur farið fram. Ákærði hélt fast við fyrri mótmæli sín. Vararíkissaksóknari, sem flutti málið af hálfu ákærvalds, andmælti þessari málsástæðu ákærða.

Ákærði lagði fram ljósrít af bréfi ríkissaksóknara 6. janúar 1989 til dómismálaráðuneytisins. Í bréfinu vísar ríkissaksóknari til bréfs ákærða 23. desember 1988, „þar sem hann kærir til ráðuneytisins hald, sem lagt var á bifreið hans“ sama dag. Í bréfi ríkissaksóknara segir einnig: „Vegna þess, sem nú er borið fram í fyrrgreindu bréfi lögmannsins, tel ég rétt að skorast undan frekari saksóknarstörfum í máli þessu. Beini ég því til dómismálaráðuneytisins, að vararíkissaksóknari eða annar löghæfur maður verði skipaður til meðferðar málsins, sbr. 22. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála“. Með bréfi dómismálaráðuneytisins 11. janúar 1989 var vararíkissaksóknari „skipaður til þess, sem sérstakur ríkissaksóknari, að fara með saksóknarvald“ í ofangreindu máli „með vísan til 1. mgr. 22. gr. laga nr. 74/1974“. Ofangreint mál er til meðferðar í sakadómi Reykjavíkur og fer vararíkissaksóknari með saksókn í því samkvæmt skipunarbréfi þessu.

Ríkissaksóknari hefur samkvæmt þessu verið leystur undan saksóknarvaldi í ofangreindu máli. Samkvæmt málflutningi af hálfu ákæruvalds tengist það mál hæstaréttarmáli þessu á þann hátt að krafa, sem þar er gerð um, að bifreið ákærða verði gerð upptæk, byggist að hluta á ætluðum brotum hans, sem ákært hefur verið út af í máli þessu. Telja verður, að við þessar aðstæður geti ríkissaksóknari ekki lengur farið með mál þetta. Hæstaréttarmál þetta flytur vararíkissaksóknari í umboði ríkissaksóknara og ber samkvæmt 3. mgr. 20. gr. laga nr. 74/1974 að „hlíta fyrir mælum ríkissaksóknara í störfum sínum“. Af því leiðir, að vararíkissaksóknari er ekki bær að flytja mál þetta í umboði ríkissaksóknara.

II.

Með bréfi til Hæstaréttar 15. maí 1989 krafðist ákærði ómerkingar beggja héraðsdómanna í hæstaréttarmálunum nr. 14/1989 og 67/1989. Í áðurgreindri greinargerð sinni ítrekar ákærði þessa kröfu sína með þeim rökum, að í báðum málunum hafi hann verið sviptur rétti til að verja sig sjálfur. Þar sé um að ræða brot á 3. mgr. 81. gr. laga nr. 74/1974 svo og 6. gr. 3 c Evrópusamningsins frá 20. mars 1952, sem Ísland sé aðili að, sbr. auglýsingu nr. 11/1954.

Ákærði kom fyrir sakadóm Reykjavíkur 28. október 1988. Var ákæran í málinu þá birt honum. Jafnframt var fært til bókar:

„Ákærði kveðst ætla að halda uppi vörnum í málinu. Málinu er frestað.“ Með bréfi 15. nóvember 1988 tilkynnti héraðsdómari ákærða, „að ástæða þykir til, að yður verði skipaður verjandi í ofangreindu máli, með vísan til 81. gr. laga um meðferð opinberra mála. Er yður veittur kostur á að benda á einhvern, sem rétt hefur að lögum til að taka að sér vörn í málinu“. Hinn 12. desember 1988 var ákærða svo skipaður verjandi og honum tilkynnt um það samdægurs. Ákærði mætti á dómþingi 29. desember 1988 og lýsti yfir, að hann vildi notfæra sér rétt sinn til að neita að tjá sig um sakarefnið. Í þinghaldi þessu var einnig mættur skipaður verjandi ákærða. Með bréfi til sakadóms, dagsettu næsta dag, kvartaði ákærði yfir því, að fyrir þinghaldið daginn áður hefði hann tilkynnt dómáranum, að hann myndi leggja fram gögn og óska eftir bókun, en dómari hins vegar neitað hvoru tveggja, þegar til þinghalds kom. Í bréfi þessu koma og fram andmæli ákærða gegn skipun verjanda. Héraðsdómari hefur mótmælt þessum fullyrðingum ákærða með bréfi sínu 20. janúar 1989 til ákærða.

Ákærði er hæstaréttarlögmaður. Héraðsdómari hefur án nægjanlegs rökstuðnings synjað ákærða að flytja fram vörn sína sjálfur. Nú verður ekki um það dæmt, hvort högum ákærða hafi verið svo komið, að rétt eða skylt hafi verið að skipa honum verjanda.

Mál þetta tengist hæstaréttarmáli nr. 14/1989 með þeim hætti, að þau ber, svo sem hér stendur á, að sameina til dóms í einu lagi.

Með hliðsjón af þessu og með vísan til dóms Hæstaréttar, sem kveðinn var upp fyrr í dag í málinu nr. 14/1989, og með hliðsjón af 3. mgr. 81. gr., sbr. 183. gr. laga nr. 74/1974, ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm svo og málsmeðferð frá og með þeim degi er héraðsdómari skipaði ákærða verjanda, hinn 12. desember 1988, og er málinu vísað heim í hérað til meðferðar og dómsálagningar að nýju.

III.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan kostnað af áfrýjun málsins á ríkissjóð svo og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði. Málskostnaðarkrafa ákærða er hins vegar ekki tekin til greina.

D ó m s o r ð:

Hinn reglulegi ríkissaksóknari fer ekki með mál þetta.

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi svo og meðferð málsins frá og með 12. desember 1988, og er málinu vísað heim í hérað til meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði svo og málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Benedikts Blöndals og
Haralds Henryssonar.**

Í dómi Hæstaréttar 3. febrúar 1989 í málinu nr. 17/1989 kemur fram, að hinn 23. desember 1988 var að kröfu ríkissaksóknara lagt hald á bifreið ákærða. Þá framkvæmd kærði ákærði samdægurs til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins sem lögleysu. Ráðuneytið sendi ríkissaksóknara þetta erindi ákærða til athugunar og umsagnar 4. janúar 1989. Í svari sínu til ráðuneytisins 6. janúar 1989 skoraðist ríkissaksóknari undan frekari saksóknarastörfum í máli því, sem þar um ræðir, og beindi því til ráðuneytisins, að vararíkissaksóknari eða annar löghæfur maður yrði skipaður til meðferðar málsins, sbr. 22. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála. Hinn 11. janúar 1989 var Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari síðan skipaður til þess, sem sérstakur ríkissaksóknari, að fara með saksóknarvald í því máli ákærða.

Það, að hinn reglulegi ríkissaksóknari skoraðist undan meðferð framangreinds máls á grundvelli „kæru“ ákærða 23. desember 1988, veldur ekki sjálfkrafa vanhæfi hans í málum gegn ákærða, sem áður hafði verið ákært í. Ekkert er komið fram um vanhæfi hins reglulega ríkissaksóknara í máli því, sem hér er til meðferðar. Vararíkissaksóknari er því bær að flytja það í umboði hans.

Við þingfestingu máls þessa í héraði kvaðst ákærði ætla að halda uppi vörnum í málinu. Hann svaraði ekki bréfi dómarans, er honum var tilkynnt, að ástæða þætti til að skipa honum verjanda, og honum gerður kostur á að tilnefna verjanda. Eftir að verjandi hafði verið skipaður, kom ákærði fyrir dóm 29. desember 1988 og lýsti yfir, að hann vildi notfæra sér rétt sinn, og neitaði algerlega að

tjá sig um sakarefnið. Í bréfi til sakadóms Reykjavíkur daginn eftir kvaðst hann m.a. hafa viljað fá bókun um mótmæli sín gegn skipun verjandans. Um þetta segir í bréfi dómarsins til ákærða 20. janúar 1989: „Það skal skýrt tekið fram, að þér mótmæltuð aldrei skipun verjanda yðar, ..., í réttinum og óskuðuð því síður eftir bókun um þetta atriði.“ Jafnframt benti dómari á, að ákærði hefði með nafnritun sinni í þingbók staðfest bókun um það, sem fram fór í þessu réttarhaldi.

Ákvörðun héraðsdómara um, að verjanda skuli skipa, sætir ekki kæru, sbr. 5. tölulið 170. gr. laga nr. 74/1974. Það veldur ekki ómerkingu hins áfrýjaða dóms, að dómari málsins í héraði rökstuddi ekki ákvörðun sína um skipun verjanda fyrir ákærða.

Samkvæmt þessu teljum við, að hafna eigi kröfu ákærða um, að vararíkissaksóknari fari ekki með þetta mál, og halda beri áfram munnlegum flutningi málsins, þar sem frá var horfið.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. febrúar 1989.

Ár 1989, mánudaginn 13. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 53/1989: Ákærvaldið gegn Herði Ólafssyni, sem tekið var til dóms hinn 3. þ.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 6. október 1988, á hendur Herði Ólafssyni hæstaréttarlögmanni, Njálsgötu 87, Reykjavík, fæddum 12. september 1921 á Ísafirði, „fyrir að aka bifreiðum, sviptur ökuréttindum, svo sem hér er rakið:

1) Aðfaranótt þriðjudagsins 18. nóvember 1987 bifreiðinni R 94 um götur í Reykjavík, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans við Eskihlíð 26.

2) Mánudaginn 30. nóvember 1987 bifreiðinni Ö 8410 úr Garðastræti í Reykjavík um götur í borginni, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Njarðargötu.

3) Föstudaginn 18. desember 1987 bifreiðinni R 33252 um götur í Reykjavík, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Barónsstíg.

4) Að kvöldi miðvikudagsins 30. desember 1987 sömu bifreið frá Laugarásvegi 53, Reykjavík, áleiðis heim til sín, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Barónsstíg við Laugaveg.

5) Að kvöldi föstudagsins 5. febrúar 1988 sömu bifreið frá heimili sínu niður á Tryggvagötu og fyrir að reyna að aka henni þaðan nokkru síðar, þá undir áhrifum áfengis, en áður en ákærða tókst að aka af stað, handtók lögreglan hann.

6) Aðfaranótt þriðjudagsins 8. mars 1988 undir áhrifum áfengis sömu bifreið frá heimili sínu út á Álftanes, en þar lauk akstri hans á Álftanesvegi við Selskarð, er bifreiðin varð bensínlaus.

7) Sunnudaginn 27. mars 1988 undir áhrifum áfengis sömu bifreið frá heimili sínu út á Seltjarnarnes og aftur að heimili sínu, en þar hafði lögreglan afskipti af ákærða strax að loknum akstri.

8) Sunnudaginn 10. júlí 1988 sömu bifreið frá heimili sínu áleiðis að Tjarnargötu, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á mótum Laugavegar og Snorrabrautar.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., en liðir 5, 6 og 7 auk þess við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. áður 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar öku-réttinda samkvæmt 102. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. áður 81. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hörður Ólafsson, sæti fangelsi tvo mánuði.

Ákærði er sviptur rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja og frestar áfrýjun ekki áhrifum dómsins að því leyti.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar hrl., kr. 30.000,00.